



Fjölbautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

JARÐ3VE05

(Veður og haffræði)

Kennari:	Hekla Þöll Stefánsdóttir (HPS) hekla@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing:

Í áfangangum er fjallað um veður og veðurfar, m.a. geislun, hitafar, raka, úrkomu, loftþrýsting, vinda, veðurspár og veðurfar á Íslandi. Einnig er farið í haffræði, m.a. hafsvæði og hafstrauma, hafsbotninn, hreyfingar sjávar og áhrif sjávar á veður og lífsskilyrði. Einnig er fjallað um jarðveg og gróðurfar, s.s gróður- og jarðvegsbelti jarðar, sérkenni íslensks jarðvegs og gróðurfarsbreytingar, og áhrif gróðurs á veður og veðurfar.

Undanfari: JARÐ2JÍ05 eða LAND2EL05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- lofthjúpi Jarðarinnar, lagskiptingu hans og efnasamsetningu
- meginflokkum loftslags, ásamt veðurfarslegum og gróðurfarslegum einkennum þeirra
- veðrakerfum Jarðar
- helstu sjávarstraumum og helstu áhrifum þeirra á veðurfar
- helstu flokkum skýja
- helstu hringrásum í hafinu og eðliseinkennum þeirra
- helstu gróðurbeltum jarðar

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- spá fyrir um veðrabreytingar út frá veðurgögnum og eigin athugunum
- nota veðurfarsleg gögn við flokkun loftslags
- nota margvíslegar heimildir og gögn við upplýsingaöflun
- meðferð tölulegra upplýsinga í töflureikni og að setja þær upplýsingar fram á myndrænan hátt

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skýra hvernig veður og loftslag hefur áhrif á umhverfi
- skýra hvaða kraftar stýra hreyfingum lofts og áhrifum þeirra á vindhraða og vindstefnu
- fjalla um ástand sjávar og mikilvægi þess fyrir efnaskipti og blöndun
- fjalla um tengsl loftslags og gróðurbelta
- vinna sjálfstætt og miðla þekkingu og leikni með öðrum

Námsefni:

Veður- og haffræði eftir Eggert Lárusson, Mál og menning. ISBN 978-9979-3-3651-8

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
3-6	15. jan-7.feb	Lothjúpurinn: eðli og efni Geislun Lofthiti	• Kennsla hefst 15. jan Ýmis verkefni
7-8	10.feb-21.feb	Ský og úrkoma	• Vorfrí 14. Febrúar Ýmis verkefni
9-11	24.feb-14.mars	Vindar og vindakerfi Loftmassar og skil Veðrakerfi: lægðir og hæðir	• Miðannarmat 28.febrúar • Áfangamessa 5. Mars • Valdagur 12. Mars Ýmis verkefni
12-13	17.mars-28.mars	Loftslag Loftslags- og gróðurbelti	• Kátir dagar og Flóafár 19.-21. mars Ýmis verkefni
14-18	31.mars-2.maí	Haffræði-Heimskringlan Hafsbotninn Selta Sjávarhiti	• Páskafri hefst 12. apríl • Páskafri lýkur 21. apríl • Verkalýðsdagurinn 1. maí Ýmis verkefni

19-20	5.maí-15.maí	Hafís Hafstraumar	• Dimisjón 9.maí • Síðasti kennsludagur 15. maí Ýmis verkefni
-------	--------------	----------------------	---

Sérreglur áfangans:

Skili nemandi ekki verkefni reiknast einkuninn 0 fyrir verkefnið inn í lokaeinkunn

Ef nemandi þarf að fara úr tíma og er fjarverandi lengur en í 10 mínútur þá er það skráð sem fjarvist (F) fyrir tímann. Nemendur 20 ára og eldri (fæddir 2005 eða fyrr) skulu í upphafi annar gera samning við kennara varðandi mætingu og verkefnaskil. Standi nemandi ekki við samninginn á hann á hættu að verða vikið úr áfanganum.

Námsmat:

Áfanginn er lotubundinn símatsáfangi þar sem öll vinna nemanda reiknast til einkunnar samkvæmt nánar tilgreindu vægi (sjá fyrir neðan). Reynt verður að fara jafn harðan yfir þau verkefni þar sem fyrirgjöf er ekki að fullu sjálfvirk þannig að nemendur sjái ávallt hve langt á veg þeir eru komnir á hverjum tíma.. Ljúka þarf öllum verkefnum á tilskildum tíma og ná einkunn fyrir hvert og eitt. Í síðustu kennsluviku verður gefinn kostur á að vinna verkefni úr fyrri lotum sem einhverra hluta vegna kunna að vera óunnin. Einkunn fyrir óunnin verkefni er einkuninn 0, seim reiknast þá inn í lokaeinkunn.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Veðurdagbók	Nemendur safna veðurspám í hverri viku og setja í skjal, ásamt öðru efni	20%
Stærri verkefni	Nemendur vinna nokkur stærri verkefni yfir önnina	40%
Minni verkefni	Nemendur vinna nokkur minni verkefni yfir önnina	30%
Ástundun	Virkni, áhugi og mæting	10%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 14. Janúar 2024. Hekla Þöll Stefánsdóttir